


LÍNU


NT

Föstudagur 7. júní 1985 - 141. tbl. 69. árg.



■ Guðrún Jónsdóttir borgarfulltrúi Kvennaframboðsinsfyltir adrepuna síná á fundi borgarstjórnar í gær. Davíð Oddsson borgarstjóri og Páll Gislason I. varaforseti fylgjast með, en á eftir myndinni sjást stuðningskonur Kvennaframboðsins í fegurðardrottningarbæringum á ahorfendapóllum. Fyrir utan þær eru konur sem ekki eru að fylgjast með umræðum um dagvistunarmál í höfuðborgum.

Í-eyðilegur Ásmundur Þórðarson



Kvennaframboðskonur: Léku hlutverk fegurðardísa

- til að mótmæla ummælum borgarstjóra í Broadway

■ Borgarfulltrúar Kvennaframboðsins og stuðningsmenn þeirra á ahorfendapóllum, brugðu sér í gervi fegurðardrottninga á borgarstjórnarfundi í gær til að mótmæla ummælum Davíðs Oddssonar borgarstjóra við krýningu feg-

urðardrottningar Reykjavíkur á dögunum.

Guðrún Jónsdóttir, eða Ungfrú Meðfærileg, eins og hún sjálf kallaði sig, sagði að borgarstjóri hefði gerst opinber fulltrúi karlrembunnar með ummælum sínum og hann hefði sýnt sinn innri mann með því að reyna að

vera fyndinn á kostnað kvenna. Sagði hún, að í mótmælaskyni

myndi verða nokkur misbrestur á malefnalegri afstöðu Kvennaframboðsfulltrúa á fundinum. Guðrún lauk orðum sínum á því, að það væri sorglegt að

horfa á unga menn í geirfuglshlutverki.

Davíð Oddsson borgarstjóri svaraði fyrir sig og sagðist aldrei hafa upplifað annað eins á 11 ára setu í borgarstjórn. Taldin hann fulltrúa Kvennaframboðsins hafa orðið sér til minn ~~kunpun~~ ^{þess} og borgarstjórn til vanskortar.